

**Borgarstjórn**  
**15. október 2019**

**Drög að bókun vegna ákvörðunar um að veita einfalda ábyrgð borgarsjóðs á lántöku Félagsbústaða í gegnum nýjan skráðan skuldabréfaflokk og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í skilmálum skuldabréfsins:**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir hér með á borgarstjórnarfundum, þriðjudaginn 15. október 2019, að veita einfalda ábyrgð, sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar skuldabréfaútgáfu Félagsbústaða á nýjum samfélagslegum skuldabréfaflokki (e. Social Bonds) sem tekinn verður til viðskipta á Sustainable Bond Market, Nasdaq Iceland, að fjárhæð allt að kr. 6.500.000.000,- vegna útgáfu á árinu 2019. Ábyrgðin stendur til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum samkvæmt skuldabréfum sem gefin eru út í skuldabréfaflokknum, hvort heldur sem um er að ræða höfuðstól skuldabréfanna, vexti, verðbætur, dráttarvexti eða hvers kyns kostnað sem af vanskilum kann að leiða. Verði útgáfa á árinu 2019 lægri en sem nemur þeirri fjárhæð sem að ofan greinir fellur ábyrgðin niður á óútgefinni fjárhæð í lok árs. Ábyrgðin virkjast aðeins eftir að borgarráð hefur samþykkt að ábyrgjast skuldabréfin á þeim kjörum sem félagið hefur samþykkt í útboði í þessum skuldabréfaflokki. Andvirði skuldabréfanna verður notað til að mæta fjárfestingaþörf félagsins vegna uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði og/eða notað til endurfjármögnunar eldri lána. Ráðstöfunin felur í sér fjármögnun lögákveðinna verkefna á ábyrgð sveitarfélaga í samræmi við heimild skv. 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ábyrgðin varir uns framangreind skuldabréf eru greidd að fullu og gildir jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfunum einu sinni eða oftar, uns skuldin er að fullu greidd. Ennfremur gildir ábyrgðin þótt breyting verði gerð á vaxtakjörum. Ábyrgðin er einföld og verður ekki virk fyrir en fullreynt hefur verið með innheimtu skuldarinnar hjá skuldara og sýnt er fram á að skuldari er ófær um endurgreiðslu skuldarinnar. Borgarstjórn skuldbindur hér með Reykjavíkurborg sem eiganda Félagsbústaða hf. til að breyta ekki því ákvæði samþykkt félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu, að því leyti að eignarhald í félaginu megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að Reykjavíkurborg selji eignarhluti í Félagsbústöðum hf. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að sjá til þess að nýr eigandi yfirtaki að sínum hluta ábyrgð á útstandandi skuld.